

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Forvarna- og fræðslusjóðinn þú getur.

1. gr.

Stofnaðild o.fl.

Forvarna- og fræðslusjóðurinn þú getur, í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn, var stofnaður þann 1. júlí 2008 af Ólafi Þór Ævarssyni, kt. 131158-5999, geðlækni, dr. med. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun en hefur ekki með höndum atvinnurekstur í skilningi laga nr. 33/1999 og fellur starfsemi hans því ekki undir þau lög. Heimili sjóðsins er að Lágmúla 5, 108 Reykjavík. Sjóðurinn á varnarping fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

2. gr.

Markmið.

Markmið með stofnun sjóðsins er að ráðstafa stofnfé og gjafafé sjóðsins, einkum með því að styrkja þá til náms sem hafa átt við geðræn veikindi að stríða, til að efla nýsköpun og bætta þjónustu við geðsjúka á sviði fræðslu og forvarna og að draga úr fordómum í samfélaginu gagnvart þeim sem þjást af geðrænum veikindum, allt eftir þeim reglum sem stjórn sjóðsins kann að setja sér.

3. gr.

Stjórn sjóðsins. Sjálfkrafa endurnýjun stjórnar. Endurskoðun reikninga.

Stjórn sjóðsins skal skiptuð fimm mönnum. Stjórnina skipa þau Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir, dr. med. sem skal vera formaður, Ása Ólafsdóttir hæstaréttarlögmaður og lektor, sr. Pálmi Matthíasson, sóknarprestur Bústaðakirkju, Sigurður Guðmundsson landlæknir, dr. med. og Siv Friðleifsdóttir alþingismaður og fyrrverandi heilbrigðisráðherra. Stjórnarmenn skulu sitja ótímabundið í stjórninni en segi þeir sig úr stjórn skulu þeir sem eftir sitja tilnefna nýjan mann í hans stað. Tilnefning nýs stjórnarmanns er þó alltaf háð samþykki meirihluta þeirra stjórnarmanna sem eftir sitja.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, en formaður kemur fram fyrir hönd sjóðsins og er forsvarsmaður hans á opinberum vettvangi. Gjaldkeri sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Ritari annast færslu fundargerða og varðveislu þeirra gagna og skjala er sjóðnum berast.

Stjórnin tekur ákvarðanir á fundum sínum og skal halda gerðarbók um alla fundi og bóka skilmerkilega þær ákvarðanir sem teknar eru. Ákvarðanir stjórnar eru teknar með meirihluta atkvæða. Stjórnarmenn fá hvorki greidd laun né þóknun í neinu formi fyrir venjuleg stjórnarstörf. Sé stjórnarmanni falið umfangsmikið starf í tengslum við fyrirsvar sjóðsins eða fjárvörslu, getur stjórn sjóðsins tekið ákvörðun um greiðslu sérstakrar þóknunar honum til handa. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda sem stjórn sjóðsins velur til þess verks og sendir Ríkisendurskoðun fyrir 30. júní á hvert, ásamt skýrslu stjórnar sjóðsins. Reikningsár er almanaksárið. Fyrsta reikningstímabil er frá staðfestingu sjóðsins til áramóta.

4. gr.

Stofnframlag. Eigið fé.

Eigið fé sjóðsins við stofnun er stofnfé kr. 732.000. Stofnfé er lagt fram af fyrirtækjunum Actavis, Landsneti og Forvörnum ehf.

Nr. 1259

23. desember 2008

5. gr.

Frekari framlög.

Sjóðurinn skal öllum opinn fyrir frekari fjárfamlögum frá þeim er vilja veita markmiðum hans brautargengi, þ.m.t. minningakortasjóður. Stjórnin skal leitast við að verða við fyrirmælum gefanda um sérgreinda ráðstöfun gjafar hans enda sé það í samræmi við megin tilgang sjóðsins.

6. gr.

Ráðstöfun fjár.

Framlög úr sjóðnum skulu veitt samkvæmt umsóknnum. Stjórn sjóðsins setur sér nánari reglur um slíkar umsóknir, meðferð þeirra og úthlutun. Stjórn sjóðsins getur einnig ráðstafað fé úr honum að eigin frumkvæði til málefna sem hafa vakið athygli hennar og teljast vera í þágu þess tilgangs og ákvæða sem getið er um í 2. gr. þessarar stofnskrár.

7. gr.

Ávöxtun fjár.

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta með tryggum hætti. Stjórninni er heimilt að fela löggiltu fjármálafyrirtæki eða viðskiptabanka að sjá um þennan þátt en ávallt skal þó fjárfestingarstefna borin undir stjórn til samþykktar fyrirfram. Heimilt skal að ávaxta í áhættusönum eignum allt að 10% af eignum sjóðsins á hverjum tíma.

8. gr.

Rekstur sjóðsins. Niðurfelling sjóðsins.

Sjóðurinn skal starfræktur í samræmi við markmið sín þangað til meirihluti stjórnar ákveður að leggja hann niður. Skal þá þeim fjármunum sem til reiðu eru ráðstafað í samræmi við markmið sjóðsins.

9. gr.

Breytingar.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt samþykki allir stjórnarmenn þá breytingu. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á þeirri breytingu.

10. gr.

Skráning sjóðsins.

Skipulagsskrá þessi skal send sýslumanninum á Sauðárkróki til staðfestingar skv. 1. gr. reglugerðar nr. 1125/2006.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 23. desember 2008.

Ríkarður Másson.

Lára Kristín Gisladóttir.